

Ráðherra, alþingismenn, ágætu aðalfundarfulltrúar og gestir!

Það hefur gefið á bátinn hjá smábátæigendum þetta starfsárið. Félagið gekk í gegnum endurskipulagningu í kjölfar þess að lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun var breytt. Félagsmenn til áratuga þurftu í kjölfarið að staðfesta hvort þeir vildu að félagsgjöld yrðu innheimt í gegnum greiðslumiðlunarkerfið eða með beinni greiðslu. Mikill meirihluti vildi hafa sama hátt á og verið hefur. Í framhaldi af breytingunum var hannað nýtt tölvukerfi til að taka við og halda utanum greiðslurnar. Hvorutveggju hefur tekist með miklum ágætum.

Símtöl við félagsmenn og tölvusamskipti gáfu skýrt til kynna að félagið hefur góða ímynd. Þeim þykir vænt um landssambandið sitt og treysta því best til að standa vörð um veiðiréttindi þeirra og aðra þá hagsmuni sem tilheyrja smábátaútgerðinni.

Þegar slík skilaboð eru gefin til okkar hér á kontórnum þurfum við ekki að efast um að landssambandið byggir á traustum undirstöðum, grasrótin er öflug og tilbúin í átök ef með þarf. Á nýloknum aðalfundum svæðisfélaganna 15 var þetta afar vel staðfest.

En eru átök framundan? Þarf landssambandið að taka á honum stóra sínum til að verja betur þau réttindi sem félagsmenn hafa og að sækja fram eins og hefur verið einkenni félagsins frá stofnun þess 5. desember 1985. Það getur farið svo.

Hvers vegna var verið að breyta lögum um stjórn fiskveiða í skjóli nætur rétt fyrir þinglok í byrjun sumars – sérstaklega sú umgjörð sem verið hefur kringum „pottana“?

Hvers vegna var gjald fyrir síldveiðar hækkað og það sett í lög að óheimilt væri að úthluta meiru en 800 tonnum til netaveiða á síld?

Hvers vegna lá svo á að afnema ríkisleigu á skötusel?

Hvers vegna var fastur afsláttur af sérstöku veiðigjaldi lækkaður um helming?

Hvers vegna ákvað sjávarútvegsráðherra að skerða afla til línuvinnunar í ýsu og steinbít?

Hvers vegna var ekki rýmkað fyrir strandveiðum á sl. sumri?

Hvers vegna voru makrílveiðar ekki framlengdar til 1. október?

Hvers vegna var rýmkað fyrir stærri skipum að stunda togveiðar að 3 sjómílum.

Ályktanir tengdum þessum spurningum verða teknar fyrir á þessum aðalfundi.

Öll þessi atriði eiga það sameiginlegt að draga úr vexti smábátaútgerðarinnar. Þau rýra veiðirétt og gera mönnum almennt erfiðara fyrir með því að stunda atvinnu sína. Það ríður á að félagsmenn standi saman þegar væntanlegt frumvarp sjávarútvegsráherra lítur dagsins ljós. Samstaðan er okkar styrkur. Í engu tilvika verður fallist á að hlutur ykkar verði skertur. Sókn hefur verið okkar aðalsmerki og verður það áfram. Þjóðin veit að vöxtur smábátaútgerðarinnar hefur skilað henni margvíslegum ávinningi.

Þar nefni ég sem dæmi framboð á ferskum fiski – framboð frá dagróðrabátum hefur vaxið jafnt og þétt. Sölufyrirtæki hafa fundið markaði fyrir hann og náð að selja á góðum verðum. Það er mín skoðun að þessi markaður á aðeins eftir að stækka og er brýnt að við vöndum okkur hvað varðar gæði og aflameðferð, ekkert fari frá okkur nema úrvalsvara.

Fyrir 10 árum 2004 fluttum við út 124 þús. tonn af þorskafurðum í fyrra var magnið um 121 þús. tonn. Verðmæti fersks þorsks var þá 35% af heildarverðmætinu en var aðeins 19% fyrir áratug. Áhugavert er að bera verðmætaukninguna saman við aukningu á magni. Í byrjun þessa tímabils skilaði 17% magnsins 19% hlut af heildarverðmætunum. Nú 10 árum síðar hefur dregið verulega í sundur þar sem 24% magnsins svarar til 35% af heildarverðmætinu. Farið úr 12% í 46% eða á manna máli, fyrir hver 30 þús. tonn af ferskum þorskafurðum þyrfti að flytja út 44 þús. tonn verkað með öðrum hætti til að ná sama verðmæti.

Þessi þróun hefði ekki getað orðið án sterkrar smábátaútgerðar. Þannig er hægt að mæla með beinum hætti hversu mikill þjóðhagslegur ávinningur það er að eiga öflugan smábátaútgerð.

En hvers vegna er ég með þessar tölur hér? Jú það er til þess að segja ykkur góðir fundarmenn að vera kann að ský sé farið að skyggja á sólu, þar sem breytingarnar sem gerðar voru í byrjun sumars voru ekki til að létta undir rekstur smábáta. Hvað þá sú ákvörðun að láta kné fylgja kviði – eins og segir í Grettissögu þegar Auðunn nýddist á Gretti 14 vetra gömlum - í ótrúlegu ákvæði reglugerðar þar sem ívilnun í ýsu var tekin niður um 1000 tonn og í steinbít um 200 tonn.

Stjórnvöld verða að líta sér nær og bæta rekstrarskilyrði smábátaútgerðarinnar nú þegar. Það verður að gera strax, þannig að ekki komi til þess að erfiðleikar nú nái yfirtökum. Ekkert í sjávarútveginum skilar sér jafn fljótt til hinna dreifðu byggða og öflug smábátaútgerð. Árás á smábátaútgerðina jafngildir því að vegið er að líf skjörum landsbyggðarinnar.

Landssamband smábátæigenda hefur með bréfi dagsettu í gær 15. október óskað eftir að atvinnuveganefnd taki málefnið upp og leggi fyrir Alþingi tillögu um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða þannig að línuívilnun í ýsu verði 30% og jafnframt fái allir dagróðrabátar línuívilnun í ýsu.

Makrílveiðar smábáta hafa verið kærkomin viðbót við útgerðarflóru þeirra. Smábátæigendur hafa með undraverðum hætti náð tókum á veiðiskapnum og sjá nú fram á að þarna er tegund sem getur gefið ágæta afkomu. Makrílbátum hefur fjölgað jafnt og þétt eða úr 17 bátum fyrir tveimur árum í 121 bát á síðustu vertíð. Aflinn hefur að sama skapi aukist úr 300 tonnum 2011 í 7.466 tonn á vertíðinni í ár sem gaf nánast sama meðaltal og var þegar 17 bátar stunduðu veiðarnar fyrir tveimur árum 62 tonn.

Það voru gríðarleg vonbrigði þegar sjávarútvegsráðherra stöðvaði veiðarnar 4. september sl. Á þeim tíma gengu veiðarnar afar vel og því svekkjandi að ráðherra skyldi grípa inn í með þessum hætti. Engu breytir þar um þó búið væri að veiða þá aflaviðmiðun sem var í reglugerð, þar sem engan veginn var víst að heildaraflanum mundi verða náð. Ákvörðun ráðherra hafði gríðarleg áhrif, auk sjómanna sem misstu tekjur fylgdu aðilar sem unnu við vinnslu aflans og aðra þjónustu og umsýslu við veiðarnar. Þá eru ótaldar þær útgerðir sem hefðu náð yfir núllið ef veiðarnar hefðu takmarkast við 10 þús. tonn eins og LS hafði farið fram á. Þrátt fyrir mikla viðspyrnu LS og velunnara þess ákvað ráðherra að standa við ákvörðun sína. Mér kom í hug orð bóndans sem ég var í sveit hjá – „þegar þú ert í vafa Örn þá skaltu láta afleiðingar beggja kosta takast á“.

Nú þegar makrílvertíðin er gerð upp er ljóst að óveitt af útgefnum heildarkvóta í makríl er 7.875 tonn eða nánast sama magn og smábátar veiddu á vertíðinni. Það jafngildir 1,6 milljörðum í útflutningsverðmæti og aflaverðmæti milli sjö og áttahundruð milljónir. Það hefur komið á daginn að LS rak sinn málflutning með vel ígrunduðum rökum, hentistefna er félaginu ekki að skapi.

Er nema von að menn spyrji: Hvers er ábyrgðin? Ég endurtek – hvers er ábyrgðin?, ef það kemur í ljós að makrillinn er áhrifavaldur að miklum sveiflum í laxveiðinni, ef það kemur í ljós að makrillinn er stór áhrifavaldur í að nýliðun þorsks og ýsu hefur verið slök undanfarin ár. Bent skal á að hún var einnig slök í þorskinum 1991 þegar vart var við mikinn makríl við

Suðurland. En eitt er víst að Alþjóðahafrannsóknaráðið sem gefur út veiðiráðgjöfina mun ekki taka á sig ábyrgð.

En eigendur makrílþáta spyrja sig fleiri spurninga. Við hverju megum við búast á næsta ári? **Krafa LS er skýr – gefa á færaveiðar á makríl frjálsar. Þeim á ekki að stjórna með kvótasetningu, reyndar nauðsynlegt að yfirlýsing um slíkt sé gefin út af stjórnvöldum þannig að meiri arður fái af veiðunum.**

Eins og áður er framkomið var makrill veiddur á færi af 121 bát. Alls voru 4 bátar sem veiddu meira en 200 tonn – **aflahæst var Brynja SH með 232,5 tonn.**

Grásleppuvertíðin. Annað árið í röð var hverjum bát heimilað að stunda veiðar í 32 daga. Þrátt fyrir gengdarlausar yfirlýsingar vísindamanna um að hafróralið gefi til kynna að grásleppustofninn sé slakur, þá hafa veiðarnar sjaldan gengið betur. Langt er síðan hver veiðidagur og net sem voru nú í lágmarki skilaði jafn góðum afla.

Alls stunduðu 223 bátar grásleppuveiðar og jafngilti afli þeirra 7.507 tunnum af hrognum. Verð á vertíðinni var lélegt. Greitt var 573 kr/kg af blautum hrognum, 158 kr/kg fyrir óslægða grásleppu og 61 kr/kg fékkst fyrir hana slægða. Sæfugl ST var aflahæstur með 115 tonn, sem fékkst úr 56 tonnum af óslægðri grásleppu og tonni af hrognum.

Grásleppa sem meðafli hjá uppsjávarskipum hefur oft verið ræddur hér. Bent hefur verið á ýmislegt sem hægt er að gera til að forðast hann. Hvorki Fiskistofa né Hafrannsóknastofnun vita hversu mikill þessi afli er. Líklegt er að grásleppa komi alls staðar við sögu við þessar veiðar en skráningu sé óbótavant. Skráningin hjá Lundey NS er hins vegar í lagi, en hún var aflahæst uppsjávarskipa í grásleppu með 6,5 tonn. Hér með eru ítrekaðar ályktanir aðalfunda um þessi mál.

Horfur fyrir næstu vertíð tel ég að séu betri en oft áður. Við komum nú í fyrsta skiptið í þrjú ár inn í vertíðina með tóman lager hjá sjómönnum, en kaupendur – framleiðendur kaviárs - hafði tekist að færa birgðahald í töluverðum mæli til veiðimanna. Þá sína útflutningstölur fyrir fyrstu 8 mánuði þessa árs að verð fer hækkandi. Grásleppukavíarinn er hins vegar enn að lækka.

Á fundinum koma til umfjöllunar og afgreiðslu tvær tillögur frá Fonti sem fjalla um þessi mál:

Fontur telur brýnt að auka markaðsstarf fyrir grásleppu. LS efli samstarf við aðrar veiðipjóðir þar sem lögð verði áhersla á að framboð taki mið af markaðsaðstæðum.

og

Fontur telur brýnt að LS hefji vinnu til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði fyrir grásleppu og grásleppuhrogn. Á það jafnt við upplýsingaöflun um verð og aðstoð við veiðimenn og einstök félög smábátaeigenda um sölu.

Hjá LS hefur safnast í gegnum árin gríðarleg þekking á grásleppumálum, auk þess sem félagið hefur í áratugi staðið fyrir upplýsingafundinum LUROMA. Ég tel því félagið vel í stakk búið að takast á við verkefnið. Gríðarlegir hagsmunir eru í húfi þar sem margir grásleppuveiðimenn hafa megin hluta tekna sinna af veiðunum. Það má ekki gerast aftur að verð milli vertíða lækki um rúm 40%, það eru aðstæður sem eru óþolandi.

Afli smábáta aldrei verið meiri

Afli smábáta á aflamarki, strandveiðibáta og krókaafلامarksbáta hefur aldrei verið meiri en á sl. fiskveiðiári.

88.260 tonn

Alls voru 1.118 bátar á bakvið þann afla.

Hlutdeild ykkar í einstaka tegundum var einnig vel ásættanleg – þið veidduð 24% af öllum þorski hér við land, alls 53 þús. tonn. Hlutdeild ykkar í heildarafla ýsu fer enn hækkandi, náði nú nýjum hæðum 34% - 12.321 tonn. Þar af voru krókabátar með 32,7%. Þá veidduð þið 52% af öllum steinbít.

Aflahæstur í krókaafلامarkinu varð Fríða Dagmar ÍS 103 frá Bolungarvík með 1.416 tonn.

Í flokki aflamarksbáta varð Máni II ÁR 7 frá Eyrarbakka aflahæstur með 532 tonn.

Aflahæstur á strandveiðum varð Hulda SF 197 frá Höfn með 43,3 tonn. Hólmar Unnsteinsson er eigandi bátsins og skipstjóri á honum. Að öllum líkindum yngsti aflakóngur sögunnar aðeins 24 ára.

Strandveiðar í ár gengu í meðallagi vel, talsvert um gæftaleysi, sem kom þó sjaldan í veg fyrir að menn næðu skammtinum. Verð var ágætt mest allan tímann eða 290 kr/kg að meðaltali fyrir óslægðan þorsk sem var 5% hærra en 2013. Róa mátti alla dagana 64 á svæði D, 55 á C, 45 á svæði B, en á svæði A voru leyfilegir róðradagar einungis 29 og hafa þeir aldrei verið færri. Þorskur var nú í meira mæli í aflanum, alls 7.749 tonn. Afli að meðaltali í róðri var 542 kg og tóku 649 bátar þátt í veiðunum. Bátunum fækkaði milli ára og voru nú 110 færri en metárið 2012. Alls voru bátarnir 674 sem stunduðu strandveiðar, af þeim voru 306 sem voru með afla úr fleiri veiðikerfum og 343 eingöngu með strandveiðiafla.

Aflaverðmæti strandveiðibáta 2014 varð 2,4 milljarðar sem skilar um 3,7 milljónum á hvern bát í brúttóinnkomu. Verðmæti í hverjum róðri var 150 þús. sem er 5,6% aukning frá árinu 2013.

	Bátar	Róðrar	Porskur	Ufsi	Alls	Afli/bát	Afli/róður
2009	554	7.313	3.396	568	4.028	7,3 tonn	551 kg
2010	741	10.579	5.042	1.192	6.363	8,6 tonn	601 kg
2011	685	15.484	7.095	1.276	8.544	12,5 tonn	552 kg
2012	759	16.141	7.420	1.155	8.749	11,5 tonn	540 kg
2013	674	16.928	7.368	1.136	8.692	12,9 tonn	513 kg
2014	649	16.060	7.749	783	8.701	13,4 tonn	542 kg

Til að enda þessa talnarunu er rétt að geta þess að heildaraflaverðmæti hjá smábátunum var rúmlega 24 milljarðar. Þá tölu er hægt að tvöfalda þegar litið er til útflutningsverðmæta sem skilar um 49 milljörðum. Til samanburðar var heildaraflaverðmæti þess sem veitt var hér í lögsögunni 138,6 milljarðar. Hlutdeild ykkar er því komin í 17,5%.

Ákvörðun nokkurra okkar félaga – sem auðvitað eru inn í sér landsambandsmenn – að ganga úr LS í fyrra voru vonbrigði. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að innan LS eru aðilar sem hafa kosið að fá sér báta í krókaafلامarki sem eru lengri en 12 metrar. Eins og ég ræddi um á síðasta aðalfundi hefur þessi breyting verulega áhrif á réttindamál. Þau félög sem sjá um hagsmunagæslu fyrir skipstjóra, stýrimenn og vélstjóra segja að samtímis og bátur hefur náð 12 metrum og vél sé stærri en 250 Kw þá þurfi að vera á honum auk skipstjóra, stýrimaður, yfirvélstjóri og vélavörður. Er þetta í raun og veru alveg makalaus túlkun, en þeir hafa náð þessu þannig að lögskráningarkerfið er harðlæst á annarri skráningu. Hvar er hásetinn? Er búið að setja hann hjá? Von að spurt sé. Þá er greinilegt að í krafti lögskráningarinnar á að þvinga menn að skrá stýrimann, en með því eykst launakostnaður sem ekki var reiknað með í samningunum. Enda hvergi á hann minnst.

Landssambandið hefur unnið að þessum málum í nokkurn tíma gegnum Samgöngustofu. Því miður hefur málið gengið hægt, en ætti nú að fara að þokast, enda búið að vinna alla grunnvinnu.

Kjarasamningar – hafin er vinna að endurnýjun samningana. Gera má ráð fyrir að málið fari á fullt skrið upp úr næstu mánaðamótum. Ljóst er að Sjómannasamanband Íslands mun aðeins líta til tveggja samtaka útgerðaraðila sem viðsemjendur, Landssamband smábátæigenda og LÍÚ. Engar raddir hef ég heyrt sem telja að það hafi verið rangt af LS að gera kjarasamning. Reynslan hefur sýnt að það gengur vel að vinna eftir honum og fá ágreiningsmál sem hafa komið upp. Þau eru þó nokkur sem þarf að ræða í komandi viðræðum þar sem þá var gengið út frá ákveðnum forsendum sem riðluðust við álagningu veiðigjalds og stóraukins útgerðarkostnað við þorskveiðar vegna ýsu sem meðafla.

Allt frá hruni hef ég gert lánamál félagsmanna að umtalsefni. Því miður hefur lítið þokast þar frá því við komum hér saman fyrir ári síðan, utan þess að Landsbankinn og Arion banki eru búnir að leiðrétta flest gengistryggð íslensk lán, bæði hvað varðar endurútreikning vegna ólöglegra verðtryggingar miðað við gengi erlendra gjaldmiðla og oftekinna vaxta. Flestir þessara aðila eru kannski ekki ofsælir með sitt þó þeir hafi einnig fengið afslátt af sérstöku veiðigjaldi. Greiðslubyrði er afarþung. Annar hópur er meðal okkar sem hafði ekki tekið lán vegna kvótakaupa, þeir hafa enga afslætti fengið af sérstaka veiðigjaldinu og eru ekki ofsælir af þeim veiðiheimildum sem þeir hafa. Þriðji hópurinn eru svo aðilar sem vert er að hafa miklar áhyggjur af. Það eru þeir sem voru með lán sín í sparisjóðum sem enn eru lífs og hjá Íslandsbanka. Þessir aðilar hafa enga leiðréttingu fengið á lán sín. Flestir greiða nú um þriðjung af stökkbreyttum afborgunum og sjá enga möguleika á að geta greitt það sem blasir við. Staða þessara aðila er slæm og láí ég þeim það ekki að uppgjafartónn sé kominn í þá. Það

er ómurlegt að missa frábæra útgerðaraðila vegna þessa vanda sem þeir skópu ekki sjálfir. Þeir tóku lán eins og aðrir á ákveðnum forsendum. Lánin voru nákvæmlega eins, en þeir sem fengu leiðréttingu voru í sparisjóðum sem gjaldþrota sparisjóður keypti, hann kom síðan í fangið á okkur þjóðinni á yfirverði og bankinn okkar Landsbankinn leiðrétti lánin án þess að deila um orðalag fyrir Hæstarétti.

Já misjafnt er manna bölið.

LS mun eins og endranær aðstoða eftir fremsta megni þá sem eru í þessum vanda. Að sjálfsögðu ríkir ánægja með öll lán sem leiðrétt hafa verið, en að sama skapi óánægja með stöðu þeirra sem ekkert hafa fengið leiðrétt.

Það sem hér hefur verið nefnt hefur leitt til misjafnrar stöðu einstakra útgerða sem hefði ekki þurft að verða ef leið Landssambandsins hefði verið farin að greiða af höfuðstól lánsins eins og hann var 1. mars 2008, en hækkun vegna kollsteypu bankakerfisins yrði látin bíða án vaxta og verðbóta. Þann nýja höfuðstól mundu lántakendur síðan takast á við þegar fyrri greiðslu væri lokið. En – þetta fór á annan veg og við það glímum við nú.

Að venju sótti ég ársfund Gildis lífeyrissjóðs fyrir ykkar hönd og sem sjóðfélagi. Þar flutti ég eftirfarandi tillögu:

Ársfundur Gildis lífeyrissjóðs samþykkir að á næsta stjórnarfundum Haga muni fulltrúi Gildis í stjórn fyrirtækisins bera fram eftirfarandi tillögu:

„Stjórn Haga samþykkir að ráðningasamningur við forstjóra fyrirtækisins verði tekinn til endurskoðunar þannig að mánaðarleg laun, hlunnindi og árangurstengdar þóknarir fari ekki umfram 3,0 milljónir. Jafnframt verði ráðningasamningar annarra stjórnenda fyrirtækisins teknir til endurskoðunar þar sem sambærilegar greiðslur verði innan hóflegra marka.“

Greinargerð:

Í samskipta og siðareglum fyrir stjórn og starfsmenn Gildis lífeyrissjóðs segir m.a. eftirfarandi:

„Sjóðurinn fjárfestir í samfélagslega ábyrgum fyrirtækjum sem fylgja lögum og reglum samfélagsins og viðurkenndum viðmiðunum um góða stjórnarhætti og viðskiptasiðferði. Sjóðurinn fjárfestir ekki í fyrirtækjum sem ofbjóða siðferðisvitund almennings með ósanngjarnri framkomu gagnvart starfsfólki s.s. varðandi kjör og stjórnunaraðferðir eða með óhófi í launamálum stjórnenda sem og öðrum rekstrarþáttum. Stjórn tekur afstöðu til slíkra mála sem upp koma og ákveður hvort selja eigi hlut sjóðsins í ljósi þeirra viðbragða sem athugasemdir við óeðlilega starfshætti fá.“

Gildi lífeyrissjóður á 10,32% í Högum. Samkvæmt Ársskýrslu Haga 2012 - 2013 eru mánaðargreiðslur til forstjóra fyrirtækisins 6 milljónir. Óumdeilt er að slík ofurlaun rúmast ekki innan framangreinds ákvæðis í siðareglum Gildis lífeyrissjóðs.

Og hvernig skyldi nú þessari ágætu tillögu hafa reitt af. Í stuttu máli var allt reynt til að finna á henni hnökra þannig að ekki þyrfti að taka hana fyrir. Það þótti t.d. með ólíkindum að ársfundur væri æðsta vald sjóðsins, en ekki stjórnin. Stjórnarformaðurinn lét afar ófriðlega og beitti fyrir sig ótrúlegu ákvæði í samþykktum sjóðsins. Ákvæði sem í raun gerir það vonlaust að fá svona tillögu sem tekur á málum samþykktu.

„Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða nema örðuvísi sé ákveðið í samþykktum þessum. Þó er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og stéttarfélaganna greiða atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins svo að samþykkt sé lögmæt.“

M.ö.o. þeir sem eiga ekkert í sjóðnum geta ráðið öllu. Svona lagað held ég að sé ein mesta lágkúra sem launþegahreyfingin hefur skrifað undir. Þar virðist ekki sá skilningur lagður í greiðslur í lífeyrissjóð að hún er alfarið laun sem launþeginn hefur unnið sér inn, framlag atvinnurekandans eru laun sem hann féllst á að greiða, en í stað þess að launþeginn fái það strax þá á hann það og leggur það inn í sameiginlegan sjóð sem tryggir betur velferð hans.

En hvað varð um tillöguna – Jú – svokölluð málsmeðferðar tillaga fundarstjóra var samþykkt um að henni yrði yrði vísað til stjórnar sjóðsins „sem taki hana til efnislegrar meðferðar í samræmi við og samkvæmt samskipta- og siðareglum og hluthafastefnu sjóðsins.“

Að lokum þetta – með því að eiga rúm 10% í fyrirtæki greiðir Gildi í raun 10% af launum þeirra sem þar vinna – kannski langsótt en í raun er þetta svo. Ef aðeins eru tekin laun forstjóra Haga eru það 7,2 milljónir á ári, ef 5 næstráðendum er bætt við er upphæðin sem sjóðfélagar í Gildi greiða 26 milljónir. Það jafngildir ársiðgjöldum 80 manns til sjóðsins.

Dropinn holar steininn.

Ég hvet sjóðfélaga til að fylgjast vel með lífeyrissjóðamálum, of seint er að gera það þegar taka lífeyris er hafin!.

Endurskoðun laga um stjórn fiskveiða

Endurskoðun laga um stjórn fiskveiða heldur áfram. Allir væntu frumvarpsins á síðasta þingi og biðu þolinmóðir. Engan grunaði að atvinnuveganefnd ákvað að vinna hluta verksins algjörlega í skjóli nætur, ekkert samráð haft. Afgreiddi breytingartillögur til þingsins við þinglok um leið og ljóst var að ekki var möguleiki á umræðum, hvorki við 2. né 3.

Það er von mín að þessi vinnubrögð séu ekki ávísun á það sem koma skal. Eitt skal þó sagt hér að vert er að búast við öllu, vera við öllu viðbúinn. Það kom t.d. fyrirvaralaust að hluti línuívilnunarinnar var hrifsuð af okkur. Nú reynir á atvinnuveganefnd í því máli. Ætlar hún að kyngja því eins og hverju

öðru hundsbiti eða tekur hún á sig rögg og knýr fram breytingar, sem gera smábátaútgerðinni betur kleift að ráða fram úr þeim erfiðleikum sem að henni steðja.

Hér fer í hönd hörð rimma og eins gott að Landssambandið standi sig þegar kemur að boðaðri endurskoðun laganna – en eins og ég hef margsinnis sagt er samstaða og samheldni okkar sterkasta vopn.

Áhersluatriðin eru

- Heildaraflaviðmiðun í strandveiðikerfi verði afnumin þannig að ekki komi til stöðvunar veiða, aðrar takmarkanir óbreyttar.
- Línuívilnun verði efld þannig að allir dagróðrabátar njóti hennar, hækkun prósentu í ýsu er óhjákvæmileg. Krafan er sanngjörn, útgerðir krókaafلامarksbáta er ekki aflögufær með að leggja út rúman milljarð í leigu gegnum handstýrðan markað.
- Makríl- og síldveiðar smábáta verði gefnar frjálssar.
- Byggðakvóti verði eingöngu nýttur af dagróðrabátum.
- Veittur verði ríflegur afsláttur af fyrstu 200 ígildunum á sérstöku veiðigjaldi og álagt veiðigjald á makríl og síld verði leiðrétt m.t.t. að ekki er vinnsla á bakvið veiðarnar.

Breytingar á sl. ári

Breytingar á laga- og reglugerðarumhverfi sem lúta að smábátaútgerðinni voru fjölmargar á nýliðnu aðalfundarári. Auk þess ávinnings sem náðist í breytingum á lögum um veiðigjald, nefni ég hér sjö aðra þætti sem eiga það sameiginlegt að efla smábátaútgerðina.

- Bætt var við 2 dögum á strandveiðum á svæði C og 1 degi á svæði A.
- Veiðiheimildir í makríl voru auknar úr 4.678 tonnum í 6.817 tonn, endanleg veiði var 7.466 tonn.
- Strandveiðibátum var áfram tryggð 8.600 tonna veiði með framlengingu bráðabirgðaákvæðis en hefði að óbreyttu verið 6.000 tonn.
- Heimilað var að flytja ufsa úr krókaafلامarsskerfinu upp í aflamarskerfið og fá þaðan jafnmörg ígildi af ýsu í staðinn. Alls fengust með þannig skiptum 910 tonn af ýsu.
- „Stakkavíkurákvæðið“ framlengt um eitt ár – skulu vera komnir innan marka hlutdeildar 1. september 2015.
- Byggðakvóti eflur.

Greiðslumiðlun

Strax að loknum aðalfundi í fyrra réðist LS í það verkefni að fá þá þætti greiðslumiðlunarlaganna sem lutu að félaginu frestað um eitt ár. Sjávarútvegsráðherra studdi ákvörðun LS heilshugar og lagði fram frumvarp þess efnis. Þingflokkur hans samþykkti frestun en einhverra hluta vegna, og það þrátt fyrir gríðarlegan þrýsting, neitaði þingflokkur Sjálfstæðisflokksins að afgreiða frumvarpið. Ákvörðunin kom gríðarlega á óvart, þar sem það gerist ekki oft að frumvörp frá ráðherra séu stöðvuð, en þetta var kannski ávísunin á það sem kom á eftir og hefur verið greint hér frá.

Sigurði Inga Jóhannssyni er hér með þakkað fyrir hans liðsinni í þessu máli.

Öryggismál

Enn hefur ekki verið brugðist við ábendingum LS í að bæta fjarskipti. Þeim þætti hrakar ár frá ári. GSM kerfið hefur á engan hátt leyst NMT kerfið af hólmi. Einna verst er ástandið hér rétt við bæjardyrnar í Faxaflóa. LS hefur vakið athygli Samgöngustofu á málefninu og bindur vonir við að úr verði bætt.

Flotbjörgunarbúningar hafa verið skyldaðir í öll skip. Innleiðing þeirra hefur gengið vel og þá ekki síst vegna samnings LS við Viking um verulegan afslátt á búningnum. LS vinnur nú að frekara samstarfi við Viking þar sem m.a. eru rædd sérstök kjör félagsmanna við skoðun á björgunarbát.

Á fundum svæðisfélaganna hefur komið krafa um að allar skoðanir á búnaði og öryggistækjum báta verði framvegis framkvæmdar annað hvert ár, þar er þó björgunabátur undanskilinn. Ég er þessu fyllilega sammála – mál til komið að bættur búnaður skili okkur lægri kostnaði.

Á aðalfundarárinu hélt stjórn LS 4 fundi.

Framkvæmdaráð var lagt af en í stað þess var reynt að efla tölvupóstsamskipti.

Ég vil hér nota þetta tækifæri til að þakka stjórnarmönnum afar gott samstarf og samvinnu, jafnframt sem ég þakka þeim 4 stjórnarmönnum sem nú hverfa úr stjórn fyrir þeirra þátt í að efla smábátaútgerðina

Félagsstarfsemi

Öll svæðisfélögin 15 héldu aðalfundi í september og október. Við Halldór lögðumst í víking og mættum báðir á alla fundina. Ágæt mæting var víðast hvar og öll sendu félögin frá sér ályktanir. Talsverðar breytingar urðu í

stjórnnum félaganna. Á fundunum ríkti mikil eindrægni og eru menn staðráðnir í að fylkja sér um LS hér eftir sem endranær.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka fyrir fundina og góðar ábendingar sem þar komu fram.

Áfram verður haldið á þeirri braut að nýta samtakamátt okkar til afsláttar á innkaupum og lækkun kostnaðar hjá ykkur.

Launareiknirinn hefur slegið í gegn og er nú kominn í notkun hjá 30 útgerðum.

Afsláttur á rafgeymum frá Bílanausti gafst vel og nú er í burðarliðnum nokkur tilboð sem kynnt verða félagsmönnum innan skamms.

Stærsta málið tengist þó daglegri notkun – það er olíunni. Olíufélögin eru farin að hafa þann háttinn á að kunngera ekki lítraverð á dælu þegar dælt er, heldur að það sé tilgreint á yfirliti. Þetta leiðir til þess að menn verða lítt næmir fyrir olíuverðinu, en um leið að halda að þeir séu með hæsta afsláttinn. Viðbrögð félagsins verða að tilkynna mánaðarlega lægsta verð olíufélaganna þriggja. Þannig geta félagsmenn séð hvað þeir eru að fá í afslátt.

Sjávarútvegssýningin í Kópavogi – LS flutti höfuðstöðvar sínar þangað og var sérlega ánægjulegt hversu félagsmenn og aðrir sýningargestir sýndu LS mikinn velvilja. Þétt skipað var á básnum alla 3 sýningardagana og fundum við starfsfólk LS fyrir miklum velvilja og hlýlegu viðmóti í garð félagsins.

Eins og á undanförunum sýningum var útbúið smakk – Ómar gúrmematkúnster á Höfn lagði til heitreyktan makríl og makrílpaté. Smurt var á rúgbrauð sem hvarf á augabragði ofan í þakkláta gesti sýningarinnar. Besta smakkið og besti bjórinn á básnum hjá Landssambandi smábátæigenda, höfðu menn á orði. Alls 2.300 snittur.

Snæfell fjölmennasta svæðisfélagið

Snæfell er stærsta svæðisfélagið innan LS með 181 bát, Elding með 138 báta og Klettur er þriðja stærsta félagið með 117 báta á bakvið sig. Frekari upplýsingar um stærð félaganna er í aðalfundarmöppunni á heimasíðunni.

Miðlun upplýsinga til félagsmanna og kynning á starfsemi LS

www.smabatar.is er mikið notað af félagsmönnum. Á tímabilinu milli aðalfunda hafa heimsóknir verið 217.047, það er 595 að meðaltali hvern dag ársins. Það fækkun um 28 að meðaltali á dag.

Á tímabilinu hafa verið birtar 221 frétt á heimasíðunni sem er 5 fleiri en á síðasta viðmiðunartímabili. Markmiðið að hafa eina frétt á hverjum virkum degi náðist.

Brimfaxi félagsblaðið okkar hefur að venju komið út tvisvar á tímabilinu, um áramót og við sjómannadaginn. Blaðið hefur vaxið og ekki annað að heyra en félagsmenn séu ánægðir með það. Skipt var um ritstjóra í mars sl. en þá tók Arthur Bogason fv. formaður LS við blaðinu. Hans fyrsta blað var sjómannadagsblaðið, stórglæsilegt eins og honum er einum lagið. Brimfaxi heldur því áfram að dafna um ókomin ár. Þakka ég Arthuri fyrir samstarfið jafnframt sem Sigurjóni M. Egilssyni fráfarandi ritstjóra er þakkað fyrir hans þátt í að efla útgáfuna.

Grásleppunefnd þakka ég fyrir góðan fund í byrjun febrúar.

Starfsfólk

Samstarfsfólki mínu á skrifstofu LS, Oddbjörgu og Halldóri, þakka ég fyrir vel unnin störf og gott samstarf á árinu. Halldór formaður – þú stóðst þig prýðilega á þessu fyrsta starfsári þínu og getur félagið verið stolt að framgöngu þinni og dugnaði sem formanni.

Ágætu aðalfundarfulltrúar og gestir

Aðalfundur fær nú það vandasama hlutverk að marka braut næsta árs þar sem ég veit að vandað verður til allra verka. Mikið starf bíður fulltrúanna þar sem ályktanir eru alls 133, en voru 144 í fyrra.

Aðalfundurinn verður nú pappírslaus í þriðja skiptið og allar tillögur afgreiddar á tjaldinu.

Ég mun eftir fremsta megni ganga á milli nefndanna og fylgjast með störfum hér á fundinum og svara fyrirspurnum og verða mönnum innan handar.

Aðalfundarfulltrúar verið velkomnir til 30. aðalfundar Landssambands smábátæigenda. Megum við eiga kröftugan og góðan fund.

Takk fyrir.